

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. júlí 2023

sent á samráðsgátt

Umsögn um drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 6. júní sl. Um er að ræða drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu sem inniheldur 18 aðgerðir sem mótaðar eru í samstarfi fimm ráðuneyta en markmið þeirra er að forgangsraða verkefnum stjórnvalda þegar kemur að verndun og þróun tungumálsins.

Samtök atvinnulífsins hafa áður sagt að íslenska er mál atvinnulífsins og það er íslensk tunga og menning sem gerir okkur að þjóð. Það er fagnaðarefni að megináherslan í aðgerðaáætluninni er lögð á íslensku sem annað mál og íslenskunám innflytjenda enda er það forsenda fyrir framtíð íslenskunnar. Að mati Samtaka atvinnulífsins er það sérstaklega 1. liður aðgerðaáætlunarinnar sem snýr að vinnumarkaðnum og því vilja samtökin leggja áherslu á þátttöku atvinnulífsins við frekari og síðari vinnu tengda aðgerðinni. Ef útfæra á íslenskunám á vinnustað þarf að gera það í nánu samráði við Samtök atvinnulífsins.

Í annan stað sakna Samtök atvinnulífsins þess að kostnaðarmat fylgi aðgerðaáætluninni enda auðveldar það þingheimi að taka upplýsta afstöðu til áætlunarinnar. Hvergi kemur fram í drögunum hver áætlaður kostnaður sé við aðgerðirnar eða hve miklu fé eigi að vara til þeirra. Það er nauðsynlegt að þessi kostnaður liggja fyrir áður en þingsályktunartillaga verður lögð fyrir Alþingi.

Með tilliti til framangreinds eru að öðru leyti ekki gerðar frekari athugasemdir við drög að aðgerðaáætluninni að svo stöddu. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Ární Grétar Finnsson